

**132. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
3. júní 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hjördís Dögg Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Guðjón Snær Magnússon áheyrnarfulltrúi ungmenna, Guðrún Hjörleifsdóttir varaáheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2005349 - Frístundaheimili- yfirlit yfir starfsemi og framtíðarsýn

Deildarstjórar kynna starf frístundaheimila og framtíðarsýn.

Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Grundaskóla, Hjördís Dögg Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Grundaskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra í Brekkubæjarskóla, Guðjón Snær Magnússon áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála sitja fundinn undir þessum lið.

Deildarstjórar frístundaheimilanna Harpa Jónsdóttir, Edda Ósk Einarsdóttir, Bryndís Gylfadóttir og Ívar Orri Kristjánsson kynna frístundastarf.

Skóla- og frístundaráð þakkar deildarstjórum fyrir kynningu sína sem m.a. mun nýtast við vinnu um stefnumótun til framtíðar.

Harpa, Edda Ósk, Bryndís og Guðrún víkja af fundi.

2. 2004223 - Ungt fólk 2020 - rannsókn og greining niðurstöður

Kynntar niðurstöður Rannsókna og greininga (R&G) á högum og líðan ungs fólks á Akranesi.

Sigurður, Hjördís, Erla Ösp, Heiðrún, Ívar Orri og Guðjón Snær sitja áfram undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu Janusardóttir deildarstjóra æskulýðs- og forvarnarmála fyrir kynningu á niðurstöðum. Skóla- og frístundaráð óskar eftir því að stjórnendur viðeigandi stofnanna skili aðgerðaráætlun á fund ráðsins í október.

Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.

3. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri kom inn á fundinn undir þessum lið.



Vinnuhópur með fulltrúum Akraneskaupstaðar og ÍA hefur verið að störfum um nokkurn tíma og hefur kynnt bæjarfulltrúum vinnu sína. Jafnframt kynntu fulltrúar ÍA tillögur sínar um verklag við útdeilingu fjármagns.

Á fundi sínum 28. maí vísadí bæjarráð málínu til frekari umfjöllunar í skóla- og frístundaráði. Ráðið óskar eftir frekari úrvinnslu að hálfu bæjarstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.

Bára Ólafsdóttir
Ragnar Þorvaldsson
Sandra M. Sigmgóðsdóttir